

Capacent Ráðningar

VIÐSKIPTAÞRÓUN



Leitum eftir einstaklingi til að starfa við viðskiptaþróun og greiningar. Viðkomandi mun verða þáttakandi í að gera Icelandic að leiðandi fyrirtæki í starfsemi tengdri sjávarútvegi.

Helstu verkefni:

- Samskipti við núverandi og nýja viðskiptavinum Icelandic
- Samskipti við dótturfélög
- Greina ný viðskiptatækifæri
- Rekstrar- og markaðsgreiningar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af viðskiptum í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi
- Reynsla af greiningum og samningagerð
- Reynsla af stjórnun og stefnumótun
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

Icelandic Group er alþjóðlegt net sjálfstæðra framleiðslu- og söluvirkja á sviði sjávarafurða. Í lok árs 2011 er gert ráð fyrir að félagið reki fyrirtæki á Íslandi, í Evrópu og Asíu sem munu starfa hvert á sínum markaði við framleiðslu og sölu á sjávarfangi. Áætluð heildarvelta Icelandic Group er rúmlega 80 milljarðar króna.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



NOV
NATIONAL
OILWELL
VARCO

Jobconnect

MECHANICAL ENGINEERS, ELECTRO ENGINEERS, PROGRAMMERS/SOFTWARE DEVELOPERS

Jobconnect is a Norwegian staffing and recruiting agency. We are successfully recruiting qualified personnel from abroad, offering exciting job opportunities in Norway within large international companies. We are now searching on behalf of:

National Oilwell Varco Norway AS, a worldwide leader in the design, manufacture and sale of comprehensive systems and components used in oil and gas drilling and production. The National Oilwell Varco Norway AS headquarter is in Kristiansand, with branch offices in Stavanger, Molde, Asker and Arendal and subdivisions in Tønsberg and Trondheim. www.nov.com

• GENERAL QUALIFICATIONS AND SKILLS:

We are looking for efforts willing employees with the ability to work independently and at the same time contribute to positive teamwork. Applicants should have a background as engineers (BSc. or MSc.). It is also important with good communication skills in English.

• ONE OR MORE OF THE FOLLOWING POINTS IS A PLUS:

Work experience from oil-related or other relevant technical fields.
Experience and knowledge of hydraulic systems, steering systems, integrated control systems, drilling related equipment or systems for offshore drilling rigs.

• WE CAN OFFER:

Interesting and challenging duties in an international environment with good opportunities for professional development and competitive conditions.

Please send your CV and transcript of grades as soon as possible to the contact person below. Applications without transcripts of grades will not be considered.

Contact: Karianne Haugom, Staffing Advisor Jobconnect | e-mail: karianne@jobconnect.no | www.jobconnect.no



ÍAV og Marti vinna saman að gerð jarðganga við Holmestrand í Noregi ásamt því að undirbúa framkvæmdir við Vaðlaheiðagöng.

Hjá báðum félögum fara saman þekking og reynsla á öllum sviðum mannvirkjagerðar.

www.iav.is



Jarðgangagerð

Verkfræðingur - tæknifræðingur

ÍAV leitar að verk- eða tæknifræðingi með þekkingu og reynslu af jarðgangagerð til að starfa á Íslandi og í Noregi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði verk- eða tæknifræði.
- Reynsla af jarðgangagerð.
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð tungumálakunnátta þ.e. enska og norðurlandtungumál.

Upplýsingar veitir Dagmar Viðarsdóttir mannauðsstjóri í síma 530-4200. Umsóknir berist um www.iav.is - Laus störf merkt „jarðgangagerð“ fyrir 30. desember 2011.

ÍAV hf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200



Snyrtivöruverslunin Zebra á Laugavegi 62 auglýsir laust starf til umsóknar. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf í byrjun janúar og vera komin yfir 25 ára aldur.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af afgreiðslustörfum ásamt góðri þekkingu á snyrti og hárvörum. Föðunar / snyrtifræðimenntun er góður kostur og gott vald á íslensku í töluðu og rituðu máli er nauðsynlegt.

Þeir sem hafa áhuga geta skilað inn umsókn í verslun á milli 10-18.



S:HELGASON

...steinsmiði síðan 1953

Leitar að öflugum starfsmanni!

Til að vinna við og stjórna CNC tölvufræsara!

Starfssvið

- Vinna á CNC tölvufræsara
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntun og hæfniskröfur

- Iðnmenntun
- Nákvæmni og vandvirkni í starfi
- Góð tölvfærni
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð

Upplýsingar gefa:

Brjánn Guðjónsson
Framkvæmdarstjóri
S: 820-5151
brjann@shelgason.is

Ægir Ólafsson
Verkstjóri
S:820-5150

Leiðsögumenn óskast

Vegna vaxandi umsvifa í móttöku erlendra ferðamanna leitar Ferðamiðlun ehf. að þjónustulundnuðum leiðsögumönnum til að vinna með bandarískum ferðamannahópum sumarið 2012.

Leitað er að fólki sem á auðvelt með og hefur ánægju af mannlegum samskiptum. Samhliða leiðsögn þarf viðkomandi að taka virkan þátt í allri upplifun farþega og vera vinur þeirra og ferðafélaga. Viðkomandi þarf að vera úrræðagóður og jákvæður og tilbúinn til að fylgja þeim markmiðum sem erlenda ferðaskrifstofan setur.

Viðkomandi þarf að taka þátt í tveggja daga námskeiði um miðjan mars á vegum erlendu ferðaskrifstofunnar.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Leiðsögumannapróf úr viðurkenndum skóla sem og reynsla af leiðsögn.
- Mjög góð enskukunnátta. Kostur ef viðkomandi hefur búið í Bandaríkjunum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Jákvæðni, skipulags- og samskiptahæfileikar og þjónustulipurð.



Umsókn sendist til:
sales@fromiceland.is
Umsóknarfrestur er til 4.janúar.

Eingöngu er tekið við skriflegum umsóknum og upplýsingar ekki gefnar í síma. Ferilskrá með mynd og upplýsingum um menntun, tungumálakunnátta og starfsreynslu er nauðsynleg.

Öllum umsóknum verður svarað.

Vilt þú vinna spennandi verkefni með okkur?

Air Atlanta Icelandic óskar eftir að ráða "Reliability Analyst" í viðhaldsdeild félagsins á Íslandi.

"Reliability Analyst" hefur eftirlit með áreiðanleika viðhaldsgagna og kerfa í Airbus A300-600 og Boeing 747 flugflota félagsins. Um spennandi tækifæri er að ræða fyrir skapandi einstakling. Við erum að leita að framtíðar starfskrafti til að vinna í skemmtilegu og krefjandi umhverfi.

Starfssvið:

- Umsjón með „reliability“ kerfi
- Samstarf við aðrar deildir varðandi ákvarðanir um úrbætur í viðhaldi
- Hönnun og úrbætur á viðhaldsferlum og leiðbeiningum
- Samskipti við flugvéla og íhluta framleiðendur
- Önnur fjölbreytt verkefni í viðhaldsdeild

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í vélaverkfræði eða sambærilegt
- Þekking á vélviðhaldi og viðgerðum
- Þekking á tölvustýrðum viðhaldskerfum
- Góð tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta í tali og rituðu máli
- Góðir samskiptahæfileikar og geta til að vinna í hópi
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur

Nánari upplýsingar veitir starfsmannabjónusta Air Atlanta Icelandic.

Umsóknir, merktar ofangreindu starfi, berist starfsmannabjónustu Air Atlanta Icelandic eigi síðar 29. desember nk. Umsóknir sendist á netfangið hr@atlanta.is



Hlíðarsmári 3 | 201 Kópavogur | Sími: 458 4000 | airatlanta.com




SELTJARNARNESBÆ

Grunnskóli Seltjarnarness auglýsir laus störf

Stuðningsfulltrúi 100% staða og stuðningsfulltrúi 75% staða

Upplýsingar veitir: Ólína Thoroddsen, olina@grunnskoli.is sími: 595 9200. Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um auglýst störf. Á Seltjarnarnesi eru um 550 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk. Í Skólaskjólí eru um 100 nemendur.

www.grunnskoli.is
Fræðsluvið Seltjarnarnesbæjar
www.seltjarnarnes.is



Hjúkrunardeildarstjóri

Starf hjúkrunardeildarstjóra á öldrunardeild L2 Landakoti er laust til umsóknar. Á deildinni eru 18-20 rúm fyrir sjúklinga sem hafa gilt vistunarmat og eru að biða eftir vist á hjúkrunarheimili.

Hjúkrunardeildarstjóri er yfirmaður hjúkrunar á deildinni, stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni innan deildarinnar. Gert er ráð fyrir að hluti starfs hjúkrunardeildarstjóra verði klínísk vinna á deildinni. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri lyflækningasviðs.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Fagleg ábyrgð
- » Rekstrarleg ábyrgð
- » Starfsmannaábyrgð

Hæfniskröfur

- » Íslenskt hjúkrunarleyfi
- » A.m.k. 5 ára starfsreynsla
- » Reynsla af öldrunarhjúkrun
- » Reynsla í stjórnum
- » Leiðtoga- og samskiptahæfni

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2012.
- » Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. febrúar 2012, til 5 ára.
- » Upplýsingar veitir Þórdís Ingólfssdóttir, mannauðsráðgjafi, netfang thoring@landspitali.is, sími 543 9106 og 824 5480.
- » Umsókn fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, kennslu og vísindavinna.
- » Umsóknir verða sendar til stöðunefndar hjúkrunarráðs Landspítala.
- » Ákvörðun um ráðningu í starfið byggist á innsendum gögnum og viðtölum.
- » Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Vilhelminu Haraldsdóttur, framkvæmdastjóra lyflækningasviðs, LSH E-7, Fossvogi.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sött er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf“. Ef ekki eru tók á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublið hjá LSH mannauðssviði, Eiríksgrötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Snyrtifræðingur

Snyrtistofa við Laugaveg óskar eftir að ráða snyrtifræðing með diploma.

Aldur 20-27 ára. Upplýsingar sendist á snyrt09@gmail.com

ATVINNA

3

Hótel - Gestamóttaka / Verkefnastjóri

Starfssvið: Almenn gestamóttökustörf
Tilboðs og samningagerð

Reynsla af sambærilegum störfum. Um er að ræða vaktavinnu. Góð tölvu- og tungumálakunnátta æskileg og sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknir sendist á box@365.is ásamt ferilskrá, farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Dvalarheimili Aldraðra Suðurnesjum D.S.

Hjúkrunarheimilið Garðvangur Garði / Hjúkrunarheimilið Hlévangur Reykjanesbæ

Hjúkrunarheimilið Garðvangur

Hjúkrunarfræðingar / sjúkraliði

Okkur bráðvantar áhugasama hjúkrunarfræðinga til starfa við öldrunarhjúkrun á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi Garði. Um er að ræða 2 stöður, hvora um sig 70 -80 %. Almennt er unnið á tvískiptum vöktum, ásamt bakvöktum, um framtíðarstörf er að ræða.

Einnig vantar okkur sem fyrst áhugasaman sjúkraliða í 70 % stöðugildi við öldrunarhjúkrun. Um er að ræða vaktavinnu, með áframhaldandi starf í huga

Umsóknir geta gilt í 6 mánuði, öllum umsóknum verður svarað. Laun samkvæmt kjarasamningum SFH við bæði aðildarfélagin.

Fyrirspurnir og umsóknir ásamt ferilskrá og yfirliti um meðmælendur skulu berast til: Aðalheiðar Valgeirsdóttur framkvæmdastjóra hjúkrunar D.S. Garðbraut 85 250 Garði, með tölvupósti á netfangið heida@ds.is, eða í síma 895-0740 Einnig m.t.t. fyrirspurna er bent á deildarstjóra Garðvangs, Þuríði Elísóttur í síma 422-7400 eða með netpósti thura@ds.is

Tækifæri fyrir þig...



Ert þú öflugur og skemmtilegur samstarfsfélagi?

Við leitum að kraftmiklum einstaklingum með mjög góða samskiptahæfileika inn í lídsheild sem vill ná árangri. Lögð er áhersla á frumkvæði, dugnað og heiðarleika ásamt vönduðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.

■ Sölufulltrúi / matreiðslumaður

Starfið felst í sölu á matvöru í verslanir, fiskbúðir og matvælafyrirtæki ásamt þátttöku í öðrum tilfallandi söluverkefnum. Starfsmaður tekur einnig virkan þátt í vörupróun. Leitað er að metnaðarfullum og dugmiklum einstaklingi með matreiðslumenntun og góða fagþekkingu. Viðkomandi þarf að tala ensku.

■ Lagerstarfsmaður

Starfið felst í móttöku vöru, umsjón með birgðahaldi, tiltekt pantana og afhendingu vöru úr húsi. Starfsmaður ber ábyrgð á að meðhöndlun vörunnar sé góð og skráningar inn og út úr húsi séu réttar. Einnig er hann ábyrgur fyrir því að skipulag lagers, umgengni og þríf séu til fyrirmyndar.

■ Kynningar hlutastarf

Við leitum að einstaklingi til að kynna vörur fyrirtækisins í verslunum. Viðkomandi heldur utan um kynningarstarf fyrirtækisins og stendur kynningar í verslunum. Leitað er að skipulögðum einstaklingi með góða samskiptahæfileika og þjónustulund sem leitar að hlutastarfi eftir hádegi á fimmtudögum, föstudögum og stundum á laugardögum.

Katla er gott og rótgróði fyrirtæki í matvælaíðnaði. Einkunnarorð okkar eru:

Gæði - Þekking - Ábyrgð - Traust

Umsóknum óskast skilað með tölvupósti á rekstur@katla.is eða í pósti á Katla ehf., Kletthálsi 3, 110 Reykjavík. Upplýsingar verða ekki veittar í síma.

Fjölbreytt störf í boði hjá Actavis á Íslandi

Starfsmenn í töfludeild

Í töfludeild fer fram lyfjablöndun sem felur í sér vigtun, blöndun og frumvinnslu hráefna. Einnig sér töfludeild um framleiðslu á töflum og hylkjum. Í störfunum felst einnig þríf á tækjum og framleiðsluvæðum, samsetning á vélum, skýrslugerð og skjalfesting. Unnið er í tölftíma í senn á tvískiptum vöktum.

Við leitum að einstaklingum:

- með almenna menntun og/eða starfsreynslu sem nýtist
- sem eru verklagnir og geta tileinkað sér nákvæm vinnubrögð
- sem eru góðir í að vinna í hópi
- sem geta unnið eftir nákvæmu skipulagi og fylgt reglum
- sem eru stundvísir og geta unnið vaktavinnu
- með ensku- og tölvukunnáttu



Hjá Actavis bjóðum við upp á:

- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mótuneyti
- fræðslu og þjálfun
- iðjuþjálfu, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
 - árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
 - öflugt starfsmannafélag

Skoðið myndbandið „Svona verða töflur til“ á www.actavis.is

Nánari upplýsingar veitir **Jenný Sif Steingrímsdóttir**, jsteingrimsdottir@actavis.is.

Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir Störf í boði fyrir 18. desember nk.

Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis.

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is



Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfa. Fyrirtækið er með starfsemi í 40 löndum. Hjá Actavis á Íslandi starfa um 700 starfsmenn á ýmsum sviðum.

Mekka Wines & Spirits, einn stærsti áfengisinnflygjandi landsins, leitar að einstaklingi sem getur tekið að sér kynningar á vínunum við ýmis tækifæri. Vinnutími er ekki fastur, heldur breytilegur og mismikill. Hentar með annarri vinnu eða fyrir skólafólk.

- Viðkomandi þarf að vera:
- orðinn 20 ára.
 - með reynslu í þjónustustörfum
 - opinn og heiðarlegur.
 - laginn í mannlegum samskiptum.

Einflega kaktu á www.mekka.is til að skoða vörurval Mekka W&S.

Vinsamlegast skilið inn umsókn með mynd á netfangið umsokn@mekka.is með upplýsingum um menntun og starfsreynslu.

Umsóknarfrestur er til 31. desember.



Rafmiðlun

Starfsmaður óskast

Óskum eftir að ráða manneskju til starfa við viðhald og uppsetningu á stóreldhústækjum.

Hæfniskröfur:

Rafvirki, Rafvélavirki, vélstjóri eða sambærilegt Rík þjónustulund
Góð framkoma
Enskukunnátta

Upplýsingar veitir Kolbeinn í síma 843 3509 og í netfangi kolbeinn@rafmidlun.is
Einnig er hægt að fylla út starfsumsókn á heimasíðu Rafmiðlunar www.rafmidlun.is

ATVINNA



TE & KAFFI

Te & Kaffi óskar eftir liðsauka

Starfsmann vantar í útkeyrslu- og eldhússtarf.

Starfslýsing:

- Vinnutími 06.00-16.00 á vöktum, alls 15 vaktir í mánuði og unnið aðra hvora helgi.
- Almenn störf í framleiðslueldhúsi fyrirtækisins og dreifing á vörum.

Hæfniskröfur:

- Eldri en 22 ára.
- Stundvís, jákvætt hugarfar og vönduð vinnubrögð.

Umsóknir sendist á jenny@teogkaffi.is



TE & KAFFI

Leitum að liðsauka í þjónustudeild

Te & Kaffi óskar eftir þjónustumanni á verkstæði fyrirtækisins. Starf þetta felur m.a. í sér viðgerðar-þjónustu á verkstæði við kaffivélar, reglubundið eftirlit hjá viðskiptavinum og útköll vegna bílana.

Hæfniskröfur:

- Haldgóð starfsreynsla við viðgerðir og bílanagreiningu.
- Samskiptahæfni og jákvætt hugarfar.
- Áhugi á að kynnast samspili tækjabúnaðar og framleiðslu á hágæðakaffi.

Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.
Umsóknir sendist á gudmundur@teogkaffi.is

Kannt þú á bíla?

Bílabúð Benna óskar eftir drífandi starfskrafti

Bifvélavirki á þjónustuverkstæði

Starfssvið:

- Viðgerðir á bílum frá Porsche, Chevrolet og Ssangyong

Hæfniskröfur:

- Menntun í bifvélavirkjun
- Reynsla í bílaviðgerðum
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði, eldmóður og vinnusemi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Við leitum að öflugum, metnaðarfullum einstaklingi með þægilegt viðmót og ríka þjónustulund sem er tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni. Um er að ræða framtíðarstarf hjá öflugum fyrirtæki í sókn.

Umsókn berist til Bílabúðar Benna, Vagnhöfða 23, 110 Reykjavík eða á tölvupóstfangið atvinna@benni.is fyrir föstudaginn 23. desember.
Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Egilsson.



Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - 590 2000
www.benni.is - benni@benni.is



HAFNARFJÖRÐUR

www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Framtíðarstörf og afleysingar

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða fólk í störf á heimilum fatlaðs fólks í Hafnarfirði og á skammtímavistun fyrir fötluð ungmenni. Bæði vantar í störf þroskaþjálfara eða starfsfólk með sambærilega menntun og einnig vantar í störf ófaglærðra starfsmanna. Í boði er vaktavinna í mismunandi starfshlutföllum. Nánari upplýsingar er að finna á www.hafnarfjordur.is undir laus störf.

Helstu verkefni:

- Veita íbúum stuðning við athafnir daglegs lífs.
- Fylgja eftir þjónustuáætlunum og verklagsreglum.

Hæfniskröfur:

- Áhugi á málefnum fatlaðs fólks.
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framtakssemi og samviskusemi .
- Viðkomandi verður að hafa hreint sakavottorð.
- Aldursskilyrði 20 ár.

Í boði er:

- Spennandi og lærdómsríkt starf
- Fjölbreytt verkefni

Sambýlið Berjahlið:

Vantar í fullt starf. Í boði er vaktavinna í tvær stöður (morgunvaktir, millivaktir og kvöldvaktir).
Upplýsingar um störfin veitir: Bryngerður Bryngeirsdóttir, sími: 565 4830/664 5716,
netfang: binna@hafnarfjordur.is

Skammtímavistunin Hnotubergi:

Vantar í tvö 80-100% störf og eitt 50% starf. Háskóla-menntun æskileg en ekki skilyrði.
Upplýsingar um störfin veitir: Birgir Freyr Birgisson, sími: 565 2545/664 5799, netfang: birgirb@hafnarfjordur.is

Sambýlið Svöluhrauni:

Vantar í fullt starf í vaktavinnu.
Upplýsingar um starfið veitir: Linda Björk Holm, sími: 555 3881/664 5798,
netfang: lindaholm@hafnarfjordur.is

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til 28. desember 2011.

Umsóknum skal skilað til viðkomandi forstöðumanns.

Félagsþjónustan í Hafnarfirði

Sérfræðingur í eignastýringu

Íslensk verðbréf óska eftir að ráða sérfræðing í eignastýringu. Leitað er að hæfum einstaklingi sem hefur til að bera metnað og brennandi áhuga á að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu á sviði eignastýringar.

Menntunar- og hæfniskröfur

Gerðar eru kröfur um háskólapróf í hagfræði og meistarapróf er kostur. Reynsla af hliðstæðum verkefnum á fjármálamarkaði og/eða greiningarvinnu er skilyrði. Umsóknum skal skilað á starf@iv.is í síðasta lagi 30. desember n.k. Umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veita Björn Snær Guðbrandsson og Sveinn Torfi Pálsson, forstöðumenn eignastýringar Íslenskra verðbréfa.

Íslensk verðbréf eru sérhæft eignastýringarfyrirtæki í mikilli sókn. Eignir í stýringu nema rúmlega 130 milljörðum króna og félagið þjónar bæði fagfjárfestum og einstaklingum. Hjá Íslenskum verðbréfum starfa tuttugu starfsmenn og eru höfuðstöðvar þess á Akureyri. Félagið starfrækir einnig skrifstofu í Reykjavík að Sigtúni 42.



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Við stöndum vörð um fjármuni þína



Íslensk verðbréf hf. | Strandgata 3 600 Akureyri
Sigtún 42 105 Reykjavík. | Sími: 460 4700
www.iv.is | iv@iv.is

UT tækifæri á nýju ári

6 spennandi störf hjá stærsta (og skemmtilegasta) UT-fyrirtæki landsins

Vörustjóri afgreiðslu- og bankalausna

Við leitum að öflugum liðsmanni til að vinna með teymi vörustjóra við að viðhalda og samþætta lausnaframboð frá heimsþekktum framleiðendum svo sem NCR, Pricer Q-Matic, Talaris og De La Rue.

Starfssvið

- Ábyrgð á að vöruframboð endurspegli á hverjum tíma þarfir og væntingar markaðarins
- Samningagerð og samskipti við birgja
- Gerð stoðgagna og kynningar
- Virk þátttaka í stærri söluaðgerðum (presale)

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun og/eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla á afgreiðslu- og bankalausnum
- Þekking og reynsla af gerð viðskiptaáætlana

Vörustjóri prentlausna (Managed Print Services)

Við leitum að öflugum liðsmanni til að koma inn í teymi sem hefur það hlutverk að nálgast nýja viðskiptavinum og styðja við aðra sölustarfsemi félagsins.

Starfssvið

- Ábyrgð á að vöruframboð endurspegli á hverjum tíma þarfir og væntingar markaðarins
- Samningagerð, samskipti við birgja og viðskiptavinum
- Gerð stoðgagna og kynningar
- Virk þátttaka í stærri söluaðgerðum (presale)

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun og/eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af prentlausnum
- Þekking og reynsla af gerð viðskiptaáætlana

Deildarstjóri hýsingar

Við leitum að öflugum deildarstjóra til að stýra hýsingu innan Rekstrarlausna Skýrr (EJS). Mörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins nýta sér þjónustu Skýrr á sviði hýsingar.

Starfssvið

- Að móta og byggja upp sterka liðsheild
- Sækja og fylgja eftir viðskiptatækifærum
- Dagleg umsjón, uppbygging og þróun deildarinnar
- Þátttaka í útboðs- og tilboðsgerð
- Ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavinum

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun og/eða reynsla í upplýsingatækni
- Þekking á rekstri í upplýsingatækni og þjónustu
- Reynsla af stjórnunarstörfum er æskileg
- Vilji og metnaður til að ná árangri

Deildarstjóri Agresso

Við leitum að öflugum leiðtoga til að stýra uppbyggingu á þjónustu og ráðgjöf um viðskiptahugbúnaðinn Agresso. Um er að ræða nýja lausn í lausnaframboði Skýrr og því mikilvægt að viðkomandi hafi mikinn metnað og vilja til að skara framúr.

Starfssvið

- Að móta og byggja upp sterka liðsheild
- Sækja og fylgja eftir viðskiptatækifærum
- Dagleg umsjón, uppbygging og þróun deildarinnar
- Faglegur leiðtogi í Agresso

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun og/eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af Agresso
- Reynsla af stjórnunarstörfum æskileg

.NET forritarar í Agresso

Við leitum að kraftmiklum forriturum sem eru tilbúnir að slást í hóp reynslubolta í faginu. Starfið felst í þróun og uppbyggingu á Agresso hjá Skýrr.

Starfssvið

- Forritun, innleiðing og uppfærslur fyrir viðskiptavinum
- Þróun sérlausna fyrir viðskiptavinum
- Samstarf með Agresso Noregi við þróun á íslenskri staðfæringu Agresso hugbúnaðarins

Hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunar- eða verkfræði
- Reynsla af .NET skilyrði
- Þekking á bókhaldi og/eða viðskiptahugbúnaði mikill kostur
- Þekking á gagnagrunnum kostur

Ráðgjafi í Agresso

Við leitum að metnaðarfullum ráðgjafa í nýja Agresso einingu hjá Skýrr. Ráðgjafi hefur yfirumsjón með innleiðingu og aðlögunum á Agresso hjá viðskiptavinum.

Starfssvið

- Skilgreina þarfir og væntingar viðskiptavina
- Yfirumsjón með innleiðingu og aðlögunum
- Upplýsingar og kennsla á Agresso
- Þátttaka í þróun/aðlögun lausna

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta-, verk- eða tölvunarfræði
- Reynsla af ráðgjafarstörfum æskileg
- Reynsla af Agresso mikill kostur
- Geta til að stýra verkefnum og fylgja þeim eftir

Skýrr: Stórt og næs

Skýrr er stærsta og skemmtilegasta fyrirtæki landsins í upplýsingatækni. Skýrr er jafnframt níunda stærsta UT-fyrirtæki Norðurlanda með tæplega 1.100 starfsmenn, þar af 600 á Íslandi. Viðskiptavinir skipta tugþúsundum. Skýrr er vottað samkvæmt alþjóðlegu gæða- og öryggisstöðlunum ISO 9001 og 27001. Fyrirtækið býður atvinnulífínu og einstaklingum heildarlausnir á sviði hugbúnaðar, vélbúnaðar

og rekstrarþjónustu. Skýrr er jafnréttissinnað, fjölskylduvænt og hlúir vel að starfsfólki. Sveigjanlegur vinnutími, góð laun og frábær vinnuaðstaða í boði. Kaffið er magnað og maturinn fyrsta flokks. Félagslífíð er kraftmikið og uppákomur tíðar. Gildi Skýrr eru ástríða, snerpa og hæfni.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Unnur Flygenring, sérfræðingur á mannauðssviði Skýrr (unnur.flygenring@skyrr.is). Tekið er á móti umsóknum á vef Skýrr (www.skyrr.is). Umsóknarfrestur er til og með 28. desember næstkomandi. Fullum trúnaði heitið. Öllum umsóknum verður svarað.

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
Velkomin



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Tvö embætti dómara við héraðsdóm Reykjavíkur laus til umsóknar

Embætti tveggja dómara með fast sæti við héraðsdóm Reykjavíkur eru laus til umsóknar, sbr. ákvæði laga um dómstóla nr. 15/1998. Miðað er við að skipað verði í embættin frá og með 1. mars 2102, eða hið fyrsta eftir að nefnd um hæfni dómara hefur lokið starfi sínu í samræmi við 4. gr. a, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 og reglur um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti nr. 620/2010. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 620/2010 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilegir fyrirlestrar o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 9) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum og 10) upplýsingar um þrjá fyrri verandi samstarfsmenn sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2020 og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geta ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skiptir fyrir störf héraðsdómara.

Umsóknir óskast sendar til innanríkisráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík og á netfangið postur@irr.is. Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlegum fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefn fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjenda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna, er áskilið að umsækjendur gefi upp netfang sem notað verður til að eiga öll samskipti við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík eigi síðar en 4. janúar nk.

*Innanríkisráðuneytinu,
15. desember 2011.*



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Embætti tveggja héraðsdómara laus til setningar

Innanríkisráðuneytið auglýsir laus til umsóknar embætti tveggja héraðsdómara til setningar, meðan á leyfi skipaðra dómara stendur en ráðherra setur í embættin að fenginni ábendingu dómstólaráðs, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Annars vegar er um að ræða setningu í embætti dómara við héraðsdóm Reykjavíkur frá og með 1. mars 2012 til og með 31. ágúst 2012 og hins vegar setningu í embætti dómara við héraðsdóm Reykjavíkur frá og með 1. mars til og með 31. október 2012. Í umsókn skal tilgreina hvort sótt sé um bæði embættin eða einungis annað.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Áskilið er að í umsókn komi fram upplýsingar um 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilegir fyrirlestrar o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 9) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum og 10) upplýsingar um þrjá fyrri verandi samstarfsmenn sem geta veitt bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geta ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skiptir fyrir störf héraðsdómara.

Umsóknir óskast sendar til innanríkisráðuneytisins, Skuggasundi, 150 Reykjavík og á netfangið postur@irr.is. Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlegum fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefn fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjenda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum, er áskilið að umsækjendur gefi upp netfang sem notað verður til að eiga öll samskipti við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um setningu liggur fyrir.

Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu, Skuggasundi, 150 Reykjavík, eigi síðar en 4. janúar nk.

*Innanríkisráðuneytinu,
15. desember.*



FÉLAGSPJÓNUSTA RANGÁRVALLA- OG VESTUR SKAFTAFELLSSÝSLU

Félagsmálastjóri

Félagsþjónusta Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu bs óskar eftir að ráða félagsmálastjóra til starfa.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

Um er að ræða krefjandi og áhugavert starf í fjölbreyttu og góðu samfélagi og tækifæri til þróunar þjónustu eru mikil. Félagsmálastjóri hefur yfirumsjón með rekstri og ábyrgð á allri starfsemi sem heyrir undir Félagsþjónustuna. Um er að ræða félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu, barnavernd, þjónustu við fatlað fólk, þjónustu við aldraða, hús-næðismál, forvarnir o.fl. Félagsmálastjóri ber ábyrgð á meðferð og varðveislu gagna, úrvinnslu og upplýsingagjöf, stefnumótun, þróun verklags og þjónustugæða. Einnig sinnir félagsmálastjóri teymisvinnu og starfar með mismunandi fagstéttum innan þjónustusvæðis sem utan.

Almennt stjórnunarsvið

Félagsmálastjóri starfar og stjórnar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um verkefni félagsþjónustu. Einnig eftir lögum er varða opinbera þjónustu og stjórnsýslu og samkvæmt markmiðum Félagsþjónustunnar og fjárhagsáætlunar á hverjum tíma. Nokkrir helstu samráðsaðilar eru stjórn byggðasamlagsins, barnaverndarnefnd, félagsmálanefnd og þjónusturáð í málefnum fatlaðra.

Menntunar- og hæfniskröfur

Krafist er menntunar á sviði félagsráðgjafar, sálfræði eða sambærilegrar menntunar sem nýtist í starfi. Viðkomandi þarf að hafa frumkvæði og geta unnið sjálfstætt, hafa góða skipulags- og samskiptahæfni og leiðtogaþæfileika. Bilpróf er skilyrði. Reynsla af stjórnunarstörfum og vettvangi félagsþjónustu sveitarfélaga er æskileg.

Búseta

Æskilegt er að viðkomandi verði búsettur í Rangárvalla- eða Vestur-Skaftafellssýslu.

Kjör

Laun og starfskjör samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags og launanefndar sveitarfélaga.

Um er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Aðsetur Félagsþjónustunnar er nú á Hvolsvelli en mun flytjast á Hellu fyrri hluta árs 2012 og verður það eitt af verkefnum félagsmálastjóra að skipuleggja starfsemina í nýju umhverfi.

Umsóknarfrestur.

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá berist fyrir 2. janúar n.k. á netfangið margret@rang.is eða í pósti: Margrét Ýr Sigurgeirsdóttir, Bolöldu 4, 850 Hella. Nánari upplýsingar veitir Margrét í síma 861-0484 eða í tölvupósti.

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS



Wilhelmsen Ship Management

MARITIME POSITIONS ON SEISMIC VESSELS

Due to expansion in our seismic fleet, Wilhelmsen Ship Management AS is looking for Captains, Chief Officers, Chief Engineers, 2nd Engineers, Electricians and Workboat-drivers for seismic vessels on behalf of our seismic client.

Qualifications and skills:

- Seismic experience required for Captain and Chief Engineer
- Seismic experience preferred for other positions
- Good spoken and written English
- Good computer skills
- Able to work under pressure
- Flexibility with a positive attitude and good social skills

Other information:

We can offer competitive conditions, good working environment and good career opportunities in one of the worlds leading ship management companies.

Contact person:

Manning Superintendent Marianne Sundgot, e-mail: Marianne.sundgot@wilhelmsen.com, tel: +47 977 12 424.

We want all applicants to apply online only.

On **PGSRECRUTING@wilhelmsen.com**

We will request certificates and other documentation later.

Application deadline:

We are expanding our fleet and will therefore hire throughout the year. The majority is needed from the beginning of 2012 and the hiring process starts immediately. Please send your application soonest.

Wilhelmsen Ship Management is one of the world's largest providers of third-party ship management services. With an extensive range of solutions to all vessel segments on a global level, we can offer you the management services that you want – when and where you need them. Our ship management services include: technical management, crew management and training, technical consultancy, insurance, commercial management, engineering consultancy and IT solutions.



Wilhelmsen Ship Management

sushi
samba



Sushi chef

Sushisamba er nýr og spennandi veitingastaður í miðbæ Reykjavíkur

Vegna mikilla vinsælda þurfum við að bæta við okkur Sushi chef, bæði í aukavinnu og fullt starf. Reynsla og jákvæðni skilyrði.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á **eythor@sushisamba.is**

sushisamba • Þinghóltsstræti 5 • sími 568 6600 • sushisamba.is



BÍLSTJÓRI EMBASSY DRIVER

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu bílstjóra lausa til umsóknar. Umsóknarfrestur er til og með 30. desember 2011. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Embassy Driver. The closing date for this position is December 30, 2011. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

<http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

Please send your application and resumé to : reykjavikvacancy@state.gov



Sérfræðingur í matvælaeftirliti

Matvælastofnun óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling á matvæla- og neytendamálasvið í starf sérfræðings í matvælaeftirliti. Um er að ræða fullt starf frá og með 1. febrúar 2012 á aðalskrifstofu MAST á Selfossi.

Helstu verkefni:

- Hollustuhátta- og eftirlitslöggjöf
- Eftirlits- og átakverkefni
- Neysluvatn
- Skýrslugerð og úrvinnsla gagna
- Samskipti við fyrirtæki og stofnanir
- Fræðsla og upplýsingagjöf
- Önnur tilfallandi verkefni sem starfsmanni eru falin

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í matvælafræði, dýralækningum, eða önnur sambærileg háskólamenntun sem talin er henta til starfsins
- Þekking á matvælavinnslu
- Reynsla af opinberu eftirliti æskileg
- Þekking á HACCP, lögum og gerðum EES um matvæli er kostur
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Nánari upplýsingar um starfið veita Sigurður Örn Hansson (sigurdur.hansson@mast.is) og Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) í síma 530-4800.

Umsóknum ásamt ferilskrá og öðrum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum „Sérfræðingur“ eða með tölvupósti á starf@mast.is.

Umsóknarfrestur er til og með 30. desember 2011 og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á www.mast.is.



Sérfræðilæknar í lyflækningum krabbameina

Laus eru til umsóknar tvö störf sérfræðilækna í lyflækningum krabbameina. Starfshlutfall er 100% eða samkomulag en sérstaklega er leitað eftir sérfræðilæknum í fullt starf. Störfin veitast frá 7. febrúar 2012 eða eftir samkomulagi.

Starfið felur m.a. í sér teymisvinnu með öðrum starfsstéttum og ségreinum spítalans. Leitast er við að hafa samfellu í meðferð sjúklinga þannig að hver sjúklingur fær ábyrgan sérfræðilækni við greiningu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Vinna á legu-, dag- og göngudeild ásamt vaktþjónustu við krabbameinslækningadeild LSH
- » Vinna við samráðsquaðningar á aðrar deildir Landspítala og þátttaka í samráðsfundum
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samvinnu við yfirlækni
- » Viðfangsefni tengd almennum lyflækningum í samráði við yfirlækni

Hæfniskröfur

- » Sérfræðiviðurkenning í almennum lyflækningum með krabbameinslækningar sem undirsérgrein eða sérfræðiviðurkenning í krabbameinslækningum
- » Breið þekking og reynsla í krabbameinslækningum
- » Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 7. janúar 2012.
- » Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Mat stöðunefndar læknaáráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum.
- » Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.
- » Upplýsingar veitir Halla Skúladóttir, hallasku@landspitali.is, sími 543 1000.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, LSH Stjórn skurðlækningasviðs 13A Hringbraut.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006. Sött er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf“. Ef ekki eru tölur á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð hjá LSH mannauðssviði, Eiríksstöðu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Þjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is



HH
R Á Ð G J Ö F
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA



STARFATORG.IS

Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Nýtt			
Verkefnastjóri	Ríkislögreglustjórinn	Reykjavík	201112/031
Dýralæknir	Matvælastofnun	Vesturland	201112/030
Hjúkrunardeildarstjóri	LSH, stjórn lyflækningasviðs	Reykjavík	201112/029
Hjúkrunarfræðingur	LSH, göngudeild BUGL	Reykjavík	201112/028
Sérfr.læknar í lyflæk. krabbameina	LSH, lyflækningar krabbameina	Reykjavík	201112/027
Héraðsdómarar	Héraðsdómur Reykjavíkur	Reykjavík	201112/026
Héraðsdómarar	Héraðsdómur Reykjavíkur	Reykjavík	201112/025
Náms- og starfsráðgjafi, afleysing	Menntaskólinn á Akureyri	Reykjavík	201112/024
Táknmálskennari og ráðgjafi	Samskiptam. heyrnarl. og -sk.	Reykjavík	201112/023
Forstjóri	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201112/022
Rekstrarstjóri	Samskiptam. heyrnarl. og -sk.	Reykjavík	201112/021

Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar. ~ Fjármálaráðuneytið hefur umsýð með Starfatorg.is ~

Starfatorg.is

Til leigu

Skrifstofa í Austurstræti til leigu

17,5 fm skrifstofa laus til leigu.

Skrifstofan er á 5. hæð í góðu skrifstofuhúsnæði með aðgengi að eldhúsi, salernisaðstöðu og helstu skrifstofutækjum.

Jafnframt er innifalinn móttaka, símsvör, vel búið fundarherbergi, kaffivél, póstsendingar, öryggiskerfi o.fl.

Hentar vel einstaklingi í sjálfstæðum rekstri en á hæðinni er blönduð starfsemi úr viðskiptalífni.

Upplýsingar veitir Lilja í síma 415 2200

Útboð

Útboð á veiðirétti

A-deild Veiðifélags Skjálfaðaflljóts óskar eftir tilboðum í lax- og silungsveiði á starfssvæði félagsins árin 2012 til 2015, að báðum árum meðtöldum. Um er að ræða 6 laxveiðistangir og 10 silungsveiðistangir.

Umsjónarmaður útboðsins er Gunnar Sólves hrl., Hafnarstræti 91 - 95, 600 Akureyri.

Útboðsgögn fást hjá honum gegn greiðslu kr. 25.000.

Tilboðum skal skila fyrir 16. janúar 2012, kl. 12.00, þá verða tilboðin opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.



Bláfugl óskar eftir að ráða gæðastjóra

Gæðastjóri ber ábyrgð á gæðaeftirlitskerfi Bláfugls, skipulagningu, framkvæmd og eftirfylgni gæðauðttekta bæði hér á landi og erlendis. Í starfinu felst meðal annars yfirlestur handbóka, vöktun reglugerða og námskeiðahald varðandi gæðamál.

Hæfniskröfur:

Við leitum að atorkusömum, fróðleiksfúsum og skipulögðum eintaklingi með jákvætt hugarfar. Viðkomandi þarf að hafa mjög gott vald á ensku, tal og ritmáli, og mjög góða tölvukunnáttu. Fagmenska, frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og mikil lipurð í mannlegum samskiptum er skilyrði. Háskólamenntun sem nýtist í starfi og þekking á gæðastjórnun er nauðsynleg. Þekking á rekstri og reglugerðaumhverfi flugfélaga er kostur.

Umsóknarfrestur er til 30. desember 2011.

Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir berist til: Bláfugl, Lynghálsi 4, 110 Reykjavík eða á netfangið ghl@bluebirdcargo.com

Tilkynningar



Þingeyjarsveit

Auglýsing tillögu að deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar, Þingeyjarsveit

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti á fundi sínum 8. desember 2011 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar í Þingeyjarsveit ásamt umhverfisskýrslu samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er alls um 76,5 km² en meginviðfangsefni deiliskipulagsins er 16 km² orkuvinnslusvæði á Þeistareykjum þar sem gert er ráð fyrir allt að 200 MWe jarðvarmavirkjun.

Skipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu liggur frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, Laugum og á Skipulagsstofnun frá 20. desember 2011 til 30. janúar 2012 þannig að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Sömu gögn eru einnig á vef sveitarfélagsins www.thingeyjarsveit.is

Frestur til að senda inn athugasemdir er til 30. janúar 2012. Athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugum.

Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur. Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar.

X-MAS

20. DESEMBER Í KAPLAKRIKA



ÚTBOÐ

HAMARSHÖLLIN, UNDIRSTÖÐUR OG FRÁGANGUR

Verkís hf., fyrir hönd Fasteignafélags Hveragerðisbæjar, óskar eftir tilboðum í framkvæmdir vegna Hamarsvallarinnar á íþróttasvæði Hveragerðisbæjar.

Um er að ræða loftborið íþróttahús, og felur útboðið í sér jarðvinnu, uppsteypu sökkla og botnplötu, innanhússfrágang, lagnir, raflagnir og frágang á lóð.

Nokkrar magntölur:

- Flatarmál húss: 5.000 m²
- Mótafletir: 1.570 m²
- Bendistál: 45 tonn
- Steinsteypa: 820 m³

Reisning yfirbyggingar, gervigras og gólfefni er undanskilið útboði þessu.

Verklök 1. áfanga er 6. maí 2012, 2. áfanga 12. ágúst 2012 og heildarverklök 15. september 2012.

Útboðsgögn verða afhent í gegnum verkefnavef Verkís frá 21. desember 2011. Sækja þarf um aðgangsorð á tölvupóstfang verkis.selfoss@verkis.is með nafni, heimilisfangi og síma.

Kynningarfundur verður haldinn á verkstað 3. janúar kl.14.00.

Tilboðum skal skila á Bæjarskrifstofur Hveragerðisbæjar, Sunnumörk 2, 810 Hveragerði fyrir kl.14.00, 12. janúar 2012, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum, sem þess óska.



www.vinna.is